

Fundargerð stjórnarfundar Barnaheilla – Save the Children á Íslandi

Mánudagur 17. apríl 2023 - fundur nr. 4/2023

Haldinn að Fákafeni 9, kl. 17.

Mættir:

Stjórnarfolk: Harpa Rut Hilmarsdóttir, Bjarni Torfi Álfþórsson, Elísabet Guðmundsdóttir, Pétur Óli Gíslason, Raket Norðfjörð Vilhjálmsdóttir og Sólveig Rós Másdóttir.

Starfsmenn: Berglind Sigmarsdóttir og Linda Hrönn Þórisdóttir

Gestir: Sirrý og Kristjana endurskoðendur

1. Ársreikningur

Sirrý endurskoðandi fór yfir ársreikninginn. Mikið handbært fé vegna þess að skuldirnar voru ekki greiddar fyrir áramót. Vandinn er eingöngu innan 2022. Mannabreytingar voru miklar sem hafa meðal annars áhrif á innheimtu og bókun reikninga.

2. Skúlagata 10

Rætt um kosti og galla við sölu á Skúlagötunni. Sett er 57,9 m á íbúðina. Ákvörðun tekin um að setja íbúðina á sölu. Stefnt er að því að selja íbúðina ekki undir fasteignamati.

3. Aðalfundur og kosningar 16. maí 2023

Haldinn að Dyngjuvegi í húsnaði Rithöfundasambandsins. Kjörnefnd mun hittast á morgun og fara yfir þau framboð sem komin eru fram. Rætt um hvaða þekkingu vantar í stjórnina og eru það helst lögfræði-, fjármála- og markaðsgrundvöllur.

Önnur mál

Sólveig minntist á hvort hægt væri að nýta styrkleika stjórnarfólks út frá t.d. styrkleikum hvers og eins. Hennar styrkleikar liggja t.d. í ofbeldisforvörnum.

Fundi slitið kl 18:42

Fundinn ritaði Linda Hrönn Þórisdóttir, leiðtogi innlendra verkefna